

FRÁSÖGN

af ársfundi þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í Minsk 4.–9. júlí 2017.

Af hálfu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins sóttu fundinn Gunnar Bragi Sveinsson, formaður, Halldóra Mogensen, varaformaður, og Pawel Bartoszek, auk Bylgju Árnadóttur alþjóðaritari. Fundinn sóttu um 260 þingmenn frá ríkjum í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu en yfirskrift fundarins var „*Efning trausts og samvinnu í þágu friðar og velmegunar á ÖSE-svæðinu*“. Meginviðfangsefni fundarsins var hryðjuverkaógn, ógn við netöryggi, óstöðugleiki í Úkraínu og í Nagorno-Karabakh og viðbrögð tyrkneskra stjórnvalda við valdaránstílraun þar í landi.

Málefnanefndirnar þrjár tóku fyrirfram ákveðin mál til umfjöllunar með áherslu á yfirskrift ársfundarins. Gunnar Bragi Sveinsson tók þátt í störfum 1. nefndar um stjórn- og öryggismál. Í ályktun nefndarinnar eru aðildarríki ÖSE hvött til að vinna saman að því að binda endi á átök sín á milli. Þingið hvarmar mannfall af völdum hryðjuverka og kallar eftir því að aðildarríkin berjist gegn róttækni og öfgahyggju og þróa leiðir til að stöðva fjármögnun hryðjuverkahópa, sér í lagi samtakanna sem kenna sig við íslamskt ríki. Kallað er eftir aðgerðum til að auka netöryggi milli ríkja til að koma í veg fyrir átök vegna notkunar upplýsingatækni. Ríki á Balkanskaga eru hvött til að draga úr spennu á svæðinu og stuðla að uppbyggilegri samskiptum milli þjóðarbrotá. Einnig er lýst yfir vonbrigðum með handtökur tyrkneskra þingmanna og tyrknesk stjórnvöld hvött til að virða málfrelsi og fjölmiðlafrelsi. Þá er kallað eftir því að hernaðaraðgerðir í Úkraínu verði stöðvaðar og rússnesk stjórnvöld hvött til að láta af árásargjarnri hegðun og draga til baka innlimun Krímskaga. Áreiti gagnvart eftirlitssveit ÖSE á svæðum undir stjórn Rússa er einnig fordæmt. Loks er lýst áhyggjum af hernaðaruppbyggingu og flutningi á herafli á ÖSE-svæðinu síðasta árið og að átök hafi aftur brotist út í Nagorno-Karabakh héraðinu í suðurhluta Kákasus.

Pawel Bartoszek tók þátt í störfum 2. nefndar um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál. Í ályktun nefndarinnar er áréttað að hagvöxtur geti farið saman við sjálfbærni í umhverfismálum og aðildarríki ÖSE eru hvött til þess að viðurkenna aðkallandi ógn vegna loftslagsbreytinga. Lýst er yfir vonbrigðum með þá ákvörðun Bandaríkjastjórnar að draga landið út úr Parísarsamkomulaginu um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Mælt er með því að ÖSE-ríki samræmi viðbrögð sín við straumi innflytjenda til landanna, setji björgunarstörf á Miðjarðarhafi í forgang og berjist gegn glæpasamtökum sem hagnast á neyð flóttafólks. Einnig er lögð áhersla á skyldur iðnvæðra landa til að aðstoða þróunarlönd við að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga, átaka eða fátæktar og stuðla þannig að lausn á flóttamannavandanum til lengri tíma. Ítrekað er að samkvæmt fyrri yfirlýsingum ÖSE-þingsins sé litið á netárásir á mikilvæga innviði sömu augum og aðrar árásir á ríki.

Halldóra Mogensen tók þátt í störfum 3. nefndar um lýðræðis- og mannréttindamál. Í ályktun nefndarinnar er lýst yfir áhyggjum af birtingarmyndum þjóðernishyggju, gyðingahatri, kynþáttafordómum og mismunum gagnvart múslimum, kristnum og hinsegin fólki. Þingið ítrekar nauðsyn þess að aðildarríki virði réttarríkið, lýðræðislegar stofnanir, bann við pyntingum og borgaralega stjórn hersins þegar þau bregðast við ógnum við þjóðaröryggi. Bent er á að yfirlýsingar um neyðarástand og takmörkun á réttindum borgara vegna þess þurfi að vera nauðsynlegar og í réttu hlutfalli við ógnina sem að steðji. Þingið kallar eftir því að ÖSE-ríkin virði öllum stundum rétt þingmanna til að nýta umboð sitt og lýsir samstöðu með þeim þingmönnum sem sitja í varðhaldi. Þá fordæmir þingið brot á mannréttindum hinsegin fólks (LGBTQI) í mörgum ÖSE-ríkjum og hvetur þing þeirra til að samþykkja lög sem tryggi hinsegin fólki réttindi á borð við viðurkennd sambönd, ættleiðingu barna og uppeldi þeirra. Vakinn er athygli á því að málsgrein um viðurkenningu réttinda hinsegin fólks var felld út úr yfirlýsingu ÖSE-þingsins árið 2016.

Ályktanir nefndanna voru samþykktar á þingfundum ÖSE-þingsins og auk þess voru til viðbótar samþykktar 13 aukaályktanir, en saman mynda þær yfirlýsingu ársfundarins. Á meðal aukaályktana voru tvær um viðbrögð við flóttamannastraumnum til Evrópu. Önnur þeirra hvetur til aukinnar samvinnu milli ÖSE-ríkjanna með áherslu á sameiginlega ábyrgð. Aðildarríkin verða að taka til sín stærri hluta flóttafólksins sem þarfnast alþjóðlegrar verndar og dvelur nú að stærstum hluta í Tyrklandi, Grikklandi og á Ítalíu. Í umræðum um ályktanirnar var þingmönnum Ítalíu mikið niðri fyrir þegar þeir ræddu skort á stuðningi annarra Evrópuríkja við Ítali, en landið tekur við stærstum hluta þeirra flóttamanna sem flýr gegnum Líbíu yfir Miðjarðarhafið.

Í umræðum um ályktun um þróun löggjafar til að taka á nýjum gerðum eiturlyfja tók Pawel Bartoszek til máls og benti á hættunarnar við það að reyna að berjast gegn notkun sumra tegunda lyfja með löggjöf og löggæslu. Reynslan sýndi að slíkar aðferðir dygðu ekki til að stemma stigu við notkun lyfjanna en kostuðu ríki mikla fjármuni auk þess að stuðla að glæpavæðingu markaðarins. Aðgerðir á borð við þær sem lýst væri í ályktuninni leiddu vissulega til þess að hægt væri að bregðast hraðar við nýjum tegundum lyfja en þær ykju ekki öryggi neytenda lyfjanna eða ríkjanna sjálfra.

Í ályktun þingsins um tæknilegar aðgerðir til að koma í veg fyrir misnotkun barna á netinu eru ríki m.a. hvött til að nýta sér alla þá tækni sem völ er á til að koma í veg fyrir aðgengi barna að klámsíðum. T.d. er bent á leiðir til að ganga úr skugga um aldur þeirra sem nota klámsíður. Halldóra Mogensen tók til máls í umræðum um ályktunina og lýsti áhyggjum sínum af notkun slíkra tæknilausna. Í raun fælu slík kerfi í sér söfnun persónuupplýsinga um notendur klámsíðna en engar kvaðir væru lagðar á ríkisstjórnir að vernda þessar persónuupplýsingar. Halldóra benti á leka persónuupplýsinga á vegum síðunnar Ashley Madison árið 2015 sem hefði leitt af sér sjálfsmorð meðal notenda síðunnar. Hægt væri að ímynda sér hversu mikla hættu leki á upplýsingum um kynlíflanganir gæti skapað hinsegin fólki víðs vegar í ÖSE-ríkjunum. Fyrir utan ógnina við einkalíf fólks væru slíkar tæknilausnir ekki líklegar til að þjóna tilgangi sínum við að vernda börn þar sem auðvelt væri að fara fram hjá slíkum hindrunum.

Í ályktun um aukið hlutverk ÖSE í baráttu gegn hryðjuverkum eru aðildarríki ÖSE hvött til að lögsækja þá sem taka þátt í fjármögnun, undirbúningi eða framkvæmd hryðjuverkaárása. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að koma í veg fyrir hryðjuverk með því að hamla för grunaðra milli landa og sömuleiðis vopna og fjármuna. Einnig er kallað eftir auknu alþjóðlegu samstarfi opinberra og einkarekinna stofnana til að vinna gegn útbreiðslu áróðurs á netinu.

Aðrar aukaályktanir fjölluðu m.a. um aðkomu kvenna að friðarumleitunum, fullveldi Úkraínu, orkuöryggi á ÖSE-svæðinu, samstarf til að standa vörð um drykkjarvatn á heimsvísu, eftirlit með nýjum aðferðum við kosningar og um mismunun á grundvelli trúarbragða.

Ein aukaályktun til viðbótar var rædd og samþykkt í 1. nefnd en var síðan felld þegar kom að samsetningu heildaryfirlýsingar fundarins. Sú ályktun, frá sænska þingmanninum Christian Holm Barenfeld, fjallaði um stöðu mannréttindamála í Austur-Evrópu en nefndi aðeins á nafn Hvíta-Rússland, Rússland og Aserbaídsjan. Þingmenn landanna þriggja börðust ötullega gegn því að ályktunin yrði samþykkt. Einn þingmaður Hvíta-Rússlands sárbað um meiri tíma til að innleiða staðla um mannréttindi og fara eftir tilmælum frá m.a. ÖSE og Evrópuráðsþinginu. Þingmaður frá Sviss lýsti yfir áhyggjum af orðalagi ályktunarinnar og sagði það bera vott um hlutdrægni og tvískinnungshátt. Ályktunin var samþykkt í 1. nefnd en í atkvæðagreiðslu á þingfundi á lokadegi fundarins greiddu 43 þingmenn atkvæði með því að bæta ályktuninni við Minsk-yfirlýsinguna en 43 gegn því. Líkt og þingsköp kveða á um var ályktunin því ekki hluti af yfirlýsingu fundarins.

Í lok ársfundar var austurríska þingkonan Christine Muttonen endurkjörin forseti ÖSE-þingsins til eins árs. Einnig voru kosnir 4 varaforsetar þingsins og gjaldkeri. Fimm voru í framboði til varaforseta og var það Rússinn Kovalev sem náði ekki kjöri. Eftir fundinn er yfirlýsing ársfundar send áfram til utanríkisráðherra og þjóðþinga aðildarríkjanna með von um að hún hafi áhrif á ákvarðanir ráðherranefndar ÖSE og þar með pólitískar skuldbindingar aðildarríkja. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.oscepa.org.